

Rekstur nautakjötsframleiðenda 2022-2024

Samantekt á greiningu rekstrargagna



Mars 2026

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Rekstur nautakjötsframleiðenda 2022-2024: Samantekt á greiningu rekstrargagna

Verkefnið er unnið á grunni samnings milli Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Atvinnuvegaráðuneytis um afkomuvöktun og ráðgjöf í búrekstri árin 2025-2026.

Óheimilt er að afrita skýrsluna á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

Forsíðumynd er tekin af Rúnari Þór Ragnarssyni, Steinsstöðum & Efstalandi.

© Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Ísland, 2026

Starfshópur:

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Guðfinna Harpa Árnadóttir

Ívar Ragnarsson

Kristján Óttar Eymundsson, verkefnisstjóri

María Svanprúður Jónsdóttir

Oddný Steina Valsdóttir

Sigríður Ólafsdóttir

Efnisyfirlit

	Bls.
Formáli	4
Samantekt	5
Um þáttökubúin	6
Upplýsingar úr skýrsluhaldinu	6
Afurðatekjur og framleiðslukostnaður	8
Samanburður á búum eftir framleiðslukerfum	10
Rekstrar- og skuldayfirlit þáttökubúa	13
Viðauki 1	15

Formáli

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur boðið upp á rekstrarverkefni meðal nautakjötsframleiðenda frá árinu 2020. Samhliða verkefninu hefur orðið til gagnagrunnur um afkomuna og spannar hann nú tímabilið frá og með rekstrarárinu 2017.

Fyrsta árið var unnið með gögn frá 20 nautakjötsframleiðendum en frá þeim tíma hefur þátttaka farið vaxandi fram til ársins 2024. Síðasta skýrsla um verkefnið kom út í febrúar 2025 og þá með niðurstöðum fyrir rekstrarárin 2021-2023. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu RML og ber heitið *Rekstur nautakjötsframleiðenda 2021-2023*.¹

Þó að gagnasafnið sé ekki stórt að þá er þessi vinna mikilvæg á ýmsan hátt. Í fyrsta lagi fá bændur tækifæri til að sjá greiningu á sínum rekstri og hvernig hann stendur í samanburði við aðra. Það á að auðvelda þeim að ná hagræðingu í sínum rekstri. Jafnframt hafa niðurstöður úr verkefninu verið lagðar fram við vinnu hins opinbera, t.d. við mat á þörf á viðbótarfjármagni sem greitt hefur verið til bænda hin síðustu ár.

Sem fyrr var áhersla lögð á að fá sem best bókhaldsgögn svo hægt væri að greina nánar einstaka rekstrarþætti. Stór hluti þátttakenda er með aðaltekjur sínar af annarri starfsemi og var lögð umtalsverð vinna í að skipta rekstrarkostnaði á þeim búum niður á nautakjötsframleiðsluna, svo að sem réttust niðurstaða fengist.

Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra starfsmanna RML: María Svanprúður sá m.a. um greiningu rekstrargagna, Kristján Óttar sá um greiningu ræktunargagna og gagna um kjötframleiðslu. Eyjólfur Ingvi kom að úrvinnslu í Excel og framsetningu niðurstaðna. Guðfinna, Oddný Steina, Ívar og Sigríður sáu um gagnasöfnun að hluta, yfirlestur, rýni og fleira.

Í þessari greiningavinnu er unnið með vegið meðaltal búanna þegar niðurstöður eru reiknaðar í kr./kg og kr./grip en önnur meðaltöl reiknast af fjölda þátttökubúa.

¹ Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (2025). *Rekstur nautakjötsframleiðenda 2021-2023*. Sótt af https://www.rml.is/static/files/RML_Rekstur/2025/afkoma-nautakjotsframleidenda-2021-2023.pdf

Samantekt

- Skv. gögnunum var rekstrarafgangur af nautaeldi fyrir afskriftir, skatta og fjármagnsliði (EBITDA) um 196 kr./kg kjöts árið 2022. Árið 2024 var hann um 424 kr./kg og hafði þá ríflega tvöfaldast frá árinu 2022. Munar þar verulega um hækkað afurðaverð, bættu nýtingu aðfanga, lækkun vaxtakostnaðar, kynbætur og einskiptisgreiðslur úr ríkissjóði.
- Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var rekstrarniðurstaða ársins 2024 af nautaeldi neikvæð um 8 kr./kg að meðaltali. Það er mun betri niðurstaða en fyrir undanfarin ár.
- Gera má ráð fyrir að áframhaldandi taprekstur hafi verið á nautakjötsframleiðslunni að jafnaði á árinu 2025, sem skýrist að stærstu leyti af lægri nautakjötsstuðningi en árið á undan.
- Mikill breytileiki er í afkomu bóa eftir því hvernig til tekst í nautaeldinu. Mikill munur er á afurðaverði eftir fallþunga og flokkun ungneyta og einnig eru opinberar greiðslur í formi nautakjötsstuðnings háðar þeim breytum.
- Greinileg merki sjást um bættan rekstur hjá nautakjötsframleiðendum, sem ná að ala upp þunga og vel gerða gripi. Breyting í betri afkomu er mun meiri hjá þeim nautgripabændum, sem eru að ala að stærstu leyti upp holdagripi en hjá þeim sem eru nær eingöngu í eldi á íslenskum gripum. Ekki er ólíklegt að munurinn eigi eftir að aukast enn frekar á næstu árum þegar hlutfall holdagripa af Angus kyni mun hækka enn frekar.
- Framleiðsla ungnautakjöts dróst saman á árinu 2025. Skv. Mælaborði landbúnaðarins minnkaði hún um 7,5% miðað við árið á undan. Eftirspurn innanlands eftir nautakjöti er þó langt umfram innlandsframleiðslu. Með góðri bústjórn og öflugum kynbótum eiga að vera mikil sóknarfæri í auknu nautaeldi á Íslandi.
- Eitt stærsta sóknarfærið í nautaeldinu á næstu árum er kyngreining á nautasæði. Með þeirri aðferð er hægt að nýta stærri hluta íslenska mjólkurkúastofnsins til að framleiða hagkvæmari gripi fyrir nautaeldi. Til að það sóknarfæri nýtist vel er mikilvægt að vel takist til í samvinnu mjólkurframleiðenda og þeirra sem vilja sérhæfa sig í nautaeldi.

Um þátttökubúin

Gögn frá 40 nautakjötsframleiðendum liggja til grundvallar niðurstaðna fyrir árin 2022 og 2023. Á árinu 2024 voru nokkur þátttökubúanna hætt eða á leiðinni út úr nautakjötsframleiðslu og byggir það rekstrarár því á gögnum fyrir 36 bú. Flest búanna eru staðsett á Norður- og Austurlandi eða samtals 22 bú og 14 bú eru síðan á Suður- og Vesturlandi. Búin eru mjög breytileg að stærð og samsetningu. Ríflega helmingur búanna eða 19 bú voru með holdakýr árið 2024. Meðalfjöldi holdakúa á þessum búum er svipaður á þessu þriggja ára tímabili eða um 66-68 kýr/kvígur sem geta borið á hverju ári. Fjöldinn er þó mjög misjafn milli búna. Tæplega helmingur þátttökubúanna eða 16 bú var með meirihluta heildartekna af nautaeldi. Tekjur af annarri starfsemi á búunum er síðan breytileg. Sum bú eru einnig í mjólkurframleiðslu og önnur í sauðfjárrækt, ferðaþjónustu eða vélaverktöku.

Þó að gagnasafnið sé ekki mjög stórt eru samt ýmsar tölulegar upplýsingar í því sem vert er að rýna nánar.

Upplýsingar úr skýrsluhaldinu

Ef skoðaðar eru skýrsluhaldsupplýsingar fyrir þau þátttökubú sem halda holdakýr kemur fram talsverður breytileiki milli búna hvað varðar frjósemi kúnna og lifun kálfanna. Jákvæð þróun er í lifun kálfa á tímabilinu en eins og kemur fram í 1. töflu hefur kálfadauði minnkað og er kominn niður í um 9% að jafnaði á árinu 2024.

Tafla 1: Heildarfjöldi holdakúa á þátttökubúum, frjósemi þeirra og afdrif kálfa.

	2022	2023	2024
Fjöldi búna með holdakýr	21	20	19
Fjöldi kúa/kvígna sem geta borið	1.432	1.315	1.300
Fjöldi kúa/kvígna með burðarsögu í árslok	1.091	988	974
Hlutfall kúa/kvígna sem bera	76,2%	75,1%	74,9%
Fjöldi kúa án burðarsögu í árslok (> 430 dagar)	309	293	298
Fjöldi kvígna án burðarsögu í árslok (> 36 mán)	32	34	28
Hlutfall kálfa - fósturlát/f. dauður	6,8%	6,2%	4,2%
Hlutfall kálfa - drapst í fæðingu	2,0%	2,2%	2,6%
Hlutfall kálfa - drapst innan sólarhr.	1,9%	1,5%	1,5%
Hlutfall kálfa - drapst innan 20 daga	1,2%	0,7%	0,9%
Hlutfall kálfa - lifandi	88,1%	89,4%	90,8%

Sem fyrr vekur athygli hve lágt hlutfall kúa/kvígna virðist bera á hverju ári. Fjöldi kúa (>430 dagar) og kvígna (>36 mán.) án burðarsögu miðast við upplýsingar úr lögbundnum skýrsluskilum í desember á hverju ári. Ef burður innan ársins hefur verið skráður eftir þann tíma gefa tölurnar ekki rétta mynd af frjósemi búans. Á sumum búum sjást greinileg tækifæri til að bæta skráningar á skýrsluhaldsupplýsingum. Þar er t.d. um að ræða skráningar á burðarupplýsingum, sem eru skráðar seint og getur jafnvel valdið fjárhagslegu tapi vegna lægri gripagreiðslna.

Í 2. töflu er yfirlit yfir framleiðslu þáttökubúanna. Á tímabilinu eru þau að leggja inn að jafnaði 60-67 geldneyti á ári og fer gripunum fjölgandi á þessu árabili. Meðalframleiðsla ungnautakjöts á bú fer úr um 17,1 tonnum árið 2022 í um 19,2 tonn árið 2024. Ef skoðuð er hlutdeild þessara framleiðenda af landsframleiðslu ungnautakjöts, skv. upplýsingum af Mælaborði landbúnaðarins, kemur í ljós að hún var 22,5% árið 2022 en var 23,6% árið 2024.

Tafla 2: Fjöldi geldneyta til innleggs, fallþungi og flokkun ásamt fjölda og fallþunga holdakúa.

Framleiðsluupplýsingar	2022	2023	2024
Fjöldi búa	40	40	36
Gögnin ná til % af landsframleiðslu ungnautakjöts	22,5%	24,5%	23,6%
Fjöldi geldneyta alls	2.398	2.538	2.424
Innlagt ungnautakjöt, alls kg	684.031	719.055	689.421
Innlagt ungnautakjöt, kg - meðaltal á bú	17.101	17.976	19.151
Meðalfjöldi innlagðra geldneyta - bú	60,0	63,5	67,3
Fallþungi geldneyta	285,3	283,3	284,4
Meðalaldur geldneyta við slátrun (mán)	24,3	23,9	23,7
Vaxtarhraði geldneyta gr./dag	371	375	379
Sláturmat geldneyta - gerð	5,85	5,93	5,94
Sláturmat geldneyta - fita	5,71	5,67	5,78
Fjöldi innlagðra kúa alls	221	187	239
Fallþungi kúa	225,5	237,7	236,5
% ungnautakjöts framleitt á búum í mjólkurframleiðslu	64,2%	61,0%	60,0%
% ungnautakjöts framleitt á öðrum nautgripabúum	35,8%	39,0%	40,0%

Hjá þáttökubúunum er jákvæð þróun í vaxtarhraða ungneyta og bættum kjötgæðum en aukinn vaxtarhraði kemur fram í lækkandi sláturaldri. Á árinu 2022 var meðal sláturaldur ungneytanna 24,3 mánuðir en var kominn niður í 23,7 mánuði árið 2024. Aukin hlutdeild gripa af Angus kyni er helsti áhrifaþátturinn en það kyn býr yfir góðum vaxtarhraða, fóðurnýtingu og kjötgæðum.

Stór hluti nautakjötsframleiðslunnar í landinu fer fram á búum sem eru í mjólkurframleiðslu. Skv. skýrsluhaldskerfinu Huppu hefur það hlutfall þó farið lækkandi á síðustu árum og var komið í 60%

árið 2024. Eitt stærsta sóknarfærið í nautaelðinu á næstu árum er kyngreining á nautasæði. Með þeirri aðferð er hægt að nýta stærri hluta íslenska mjólkurkúastofnsins til að framleiða hagkvæmari gripi fyrir nautaelði. Þannig geta kúabændur til að mynda sætt lakari kýrnar sínar með holdanautasæði og komið þeim kálfum í áframhaldandi eldi. Til að það sóknarfæri nýtist vel er mikilvægt að vel takist til í samvinnu mjólkurframleiðenda og þeirra sem vilja sérhæfa sig í nautaelði.

Afurðatekjur og framleiðslukostnaður

Afurðatekjur og kostnaður er hér reiknað á kg kjöts sbr. 3. töflu. Þar sem ekki var alltaf hægt að greina á milli tekna af ungnauta- og kýrkjöti í bókhaldi bænda er allt kjötinnleggið notað í samanburði. Það hefur þó óveruleg áhrif enda kýrkjötið með litla hlutdeild í heildarkjötinnleggi gagnasafnsins eða að jafnaði 6,7%. Ef horft er á tekjutölur í gagnasafninu að þá er ljóst að það hefur átt sér stað mikil breyting á síðustu árum. Á árunum 2019-2021 urðu litlar breytingar á afurðatekjum. Verðhækkanir á afurðastöðvarverði nautakjöts urðu í lok árs 2021 og árið 2022 hækkaði afurðastöðvaverð um 5-15% eftir vænleika og flokkun gripa. Frá árunum 2022 til 2024 hafa afurðatekjur svo aukist um 29% hjá þátttökubúunum.

Gripagreiðslum er hér deilt niður á innlögð kg til samræmis við annað uppgjör í verkefninu þrátt fyrir að þær greiðslur séu eingöngu til staðar á þeim búum sem nýta kýr til kjötframleiðslunnar. Fjárfestingastyrkir vegna framkvæmda eru inni í liðnum önnur landbúnaðartengd framlög og því geta þær tekjur verið breytilegar milli ára.

Einkiptisgreiðslur frá ríki hafa skipt verulega máli. Á árinu 2024 komu einnig viðbótargreiðslur, sem voru greiddar í gegnum nautakjötsstuðninginn eða svokallað sláturálag. Um var að ræða 100 milljónir króna frá ríki og til viðbótar var ákveðið að nýta fjármuni upp á 50 milljónir króna af framleiðslujafnvægislið í búvörusamningi. Samtals afurðatengdar tekjur (allt framleitt kjöt, seldir gripir og opinberar greiðslur) fara vaxandi úr 1.401 kr./kg árið 2022 í 1.638 kr./kg árið 2024. Það er um 17% tekjuaukning. Séu heildartekjurnar reiknaðar á hvern sláturgrip eru þær 392.671 kr./grip árið 2022 og árið 2024 eru þær orðnar 458.841 kr./grip (sjá Viðauka 1).

Á árinu 2022 urðu miklar kostnaðarhækkanir á aðföngum og þá sérstaklega áburði. Það ár var kostnaður vegna áburðar og sáðvöru stærsti kostnaðarliðurinn en árin áður hafði það verið aðkeypt fóður. Breytileiki í aðkeyptu fóðri er mikill milli búa þar sem sum búið kaupa nánast ekkert kjaranfóður heldur einbeita sér alfarið að eldi með eigin gróffóðri og jafnvel kornrækt til kjötframleiðslu. Önnur

bú einbeita sér að einskonar þaueldi með kjarnfóðri og/eða korni og auka þar með vaxtarhraða gripanna og slátra þeim yngri samhliða góðum vænleika og flokkun. Hluti af kostnaði við aðkeypt fóður hjá einstökum búum er tilkominn vegna kaupa á mjólkurdufti, þar sem hvorki eru mjólkurkýr né holdakýr til staðar.

Tafla 3: Tekjur (kr.) tengdar nautaeldi og framleiðslukostnaður greint niður á kg kjöts. Meðaltöl árána 2022-2024 á föstu verðlagi hvers árs.

Tekjur	2022	2023	2024	Breyting
Afurðatekjur	965	1.183	1.248	29%
Gripagreiðslur	142	168	172	21%
Sláturálag	94	89	156	66%
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir	48	48	46	-3%
Önnur landbúnaðartengd framlög	15	12	16	7%
Viðbótargreiðslur frá ríki	137	116		
Samtals tekjur af nautgriparækt	1.401	1.617	1.638	17%

Breytilegur kostnaður	2022	2023	2024	Breyting
Aðkeypt fóður	155	195	173	12%
Áburður og sáðvörur	245	214	198	-19%
Rekstur búvéla	147	154	147	0%
Rekstrarvörur	84	71	83	-2%
Aðkeypt þjónusta	143	121	111	-22%
Breytilegur kostnaður alls	775	755	712	-8%
Framlegðarstig afurðatekna	44,7%	53,3%	56,6%	26%

Fastur kostnaður	2022	2023	2024	Breyting
Tryggingar	15	15	17	10%
Rafmagn og heitt vatn	15	15	19	28%
Viðhald eigna	58	77	85	47%
Rekstrarkostnaður bifreiða	34	31	27	-19%
Annar rekstrarkostnaður	105	147	139	32%
Laun og launatengd gjöld	205	198	216	6%
Fastur kostnaður alls	431	483	503	17%

Rekstrarniðurstaða af nautaeldi	2022	2023	2024	Breyting
EBITDA af nautaeldi	196	379	423	116%
Afskriftir	223	229	242	8%
Fjármagnsliðir	215	210	189	-12%
Hagnaður/tap af nautaeldi	-242	-61	-8	

Þó að áburður lækki um 19% frá árinu 2022 til 2024 er hann stærsti kostnaðarliðurinn öll ár tímabilsins. Aðkeypt fóður hækkar um 12% á þessu þriggja ára tímabili á meðan kostnaður vegna búvéla og annarra rekstrarvara helst svipaður. Aðkeypt þjónusta lækkar síðan um 22%. Samanlagt hafa þessir liðir jákvæð áhrif á breytilegan kostnað alls en hann lækkar úr 775 kr./kg árið 2022 niður í 712 kr./kg árið 2024. Auknar afurðatekjur og lægri breytilegur kostnaður eykur þannig framlegð búanna umtalsvert. Framlegð af nautakjötsframleiðslunni hefur hækkað um 26% frá árinu 2022 og var framlegðarstigið árið 2024 komið í 56,6% að meðaltali. Það verða að teljast gríðarlega miklar og jákvæðar breytingar frá fyrri árum.

Fasti kostnaðurinn hækkar um 17% á tímabilinu og vegur þar þyngst kostnaður vegna viðhalds á eignum og annars rekstrarkostnaðar. Með bættri afkomu er eðlilegt að viðhaldsliðurinn hækki en hann endurspeglar uppsafnaða viðhaldsþörf og að bændur hafi gengið á eignir undanfarin ár. Laun og launatengd gjöld eru mjög lág á búunum og endurspegla ekki vinnuframlagið þar. Á árinu 2024 eru þau að jafnaði 216 kr./kg eða alls 4.486 þúsund krónur á bú. Framleiðslukostnaður á hvert kg kjöts, án afskrifta og fjármagnsliða, hækkar einungis um tæp 1% frá árinu 2022, eða úr 1.206 kr./kg í 1.215 kr./kg árið 2024, sem er langt undir almennum verðlagshækkunum. Það lýsir vel þeirri hagræðingu sem hefur orðið á búunum.

Rekstrarafgangur fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) eykst verulega á þessum árum. Hann ríflega tvöfaldast frá árinu 2022 þegar hann var 196 kr./kg. Á árinu 2024 var hann kominn í 423 kr./kg. Rekstrarhæfni búanna hefur því batnað umtalsvert á tímabilinu. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða reiknast tap þátttökubúanna að jafnaði 242 kr./kg árið 2022 en var komið niður í 8 kr./kg árið 2024. Þó að tap sé á framleiðslu nautakjöts öll árin, sjást þó skýr merki um bættan rekstur. Þar hafa atriði eins og hækkan afurðaverðs, lægri vaxtakostnaður, bætt nýting aðfanga, einkisgreiðslur frá ríki og kynbætur skipt miklu máli.

Samanburður á búum eftir framleiðslukerfum

Í 4. töflu er gerður samanburður á þátttökubúum eftir því hvort þau eru með holdakýr eða ekki. Borin eru saman rekstrarárin 2023 og 2024. 19 af 36 búum árið 2024 eru með holdakýr og eru þau með 58% af innlögðum ungnautum og 59% af innlögðu ungnautakjöti. Ekki er afgerandi munur á fallþunga gripa eftir flokkum. Vaxtarhraði ungneyta er þó mun meiri á búunum, sem hafa holdakýr. Á þeim búum er jafnframt mun betri flokkun gripa og greinileg merki um bættan árangur í eldi vegna

notkunar á nýju Angus erfðaefni. Þar hefur hlutfall af innfluttu Angus kyni farið vaxandi í hjörðunum og er líklegt að munur milli framleiðslukerfanna eigi eftir að aukast á næstu árum að óbreyttum forsendum. Því er mikilvægt að þau bú, sem eru að kaupa nautkálfa af mjólkurframleiðendum í áframhaldandi eldi, hafi möguleika á því að fá Angusblendinga.

Tafla 4: Samanburður fyrir rekstrarárin 2023-2024. Fjöldi geldneyta, fallþungi og flokkun eftir því hvort bú halda holdakýr eða ekki.

Framleiðsluupplýsingar	Bú með holdakýr		Ekki holdakýr	
	2023	2024	2023	2024
Fjöldi bóa	20	19	20	17
Fjöldi geldneyta alls	1.503	1.414	1.035	1.010
Innlagt ungnautakjöt, alls kg	425.165	405.044	293.890	284.377
Innlagt ungnautakjöt, kg - meðaltal á bú	21.258	21.318	14.695	16.728
Meðalfjöldi innlagðra geldneyta - bú	75,2	74,4	51,8	59,4
Fallþungi geldneyta	282,9	286,5	284,0	281,6
Meðalaldur geldneyta við slátrun (mán)	23,72	23,25	24,06	24,41
Vaxtarhraði geldneyta gr. fallþ./dag	377	389	373	364
Sláturmat geldneyta - gerð	6,55	6,65	5,02	4,93
Sláturmat geldneyta - fita	5,96	6,28	5,24	5,08

Í 5. töflu er samanburður á afkomu nautaeldis eftir því hvort verið er að nýta holdakýr til kjötframleiðslunnar eða eingöngu verið að ala gripi til slátrunar og þá yfirleitt nær eingöngu íslenska gripi. Samtals tekjur af nautgriparækt í heild reiknast þar hærrí á holdakúabúum enda fylgja þar gripagreiðslur auk þess sem að afurðatekjur af kjöti eru mun hærrí. Á árinu 2023 eru þær um 9% hærrí á holdakúabúunum en orðnar um 14% hærrí árið 2024. Það skýrist af jafnari og jafnframt þyngri og betur gerðum gripum. Samningar við kjötvinnslur og sala á kjöti beint frá býli hafa þarna líka áhrif. Á árunum 2022 og 2023 var eitt bú á hvoru ári sem hætti með holdakýr. Fjöldi holdakúa á þeim búum var þó óverulegur. Þar sem gripagreiðslur eru reiknaðar á grundvelli árskúa er það skýringin á því að það reiknast örlitlar gripagreiðslur í flokki bóa sem halda ekki holdakýr.

Á árinu 2024 er breytilegur kostnaður um 18% hærrí á búum með holdakýr en engu að síður er framlegðarstigið þar 57,9% á móti 53,8% hjá hinum búunum. Fastur kostnaður á holdakúabúunum er hærrí en á hinum búunum. Þar ræður mestu kostnaður vegna annars rekstrarkostnaðar.

Tafla 5: Samanburður fyrir rekstrarárin 2023-2024. Tekjur (kr.) tengdar nautaeldi og framleiðslukostnaður greint niður á kg kjöts eftir búsgerð.

Tekjur	Bú með holdakýr		Ekki holdakýr	
	2023	2024	2023	2024
Afurðatekjur	1.221	1.308	1.122	1.151
Gripagreiðslur	271	275	3	5
Sláturálag	79	142	105	179
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir	52	52	41	37
Önnur landbúnaðartengd framlög	14	19	9	11
Viðbótargreiðslur frá ríki	157		50	
Samtals tekjur af nautgriparækt	1.795	1.796	1.331	1.383
Breytilegur kostnaður				
Aðkeypt fóður	163	144	245	220
Áburður og sáðvörur	235	214	182	172
Rekstur búvéla	167	166	135	116
Rekstrarvörur	79	96	59	62
Aðkeypt þjónusta	146	137	80	69
Breytilegur kostnaður alls	789	757	701	639
Framlegðarstig afurðatekna	56,1%	57,9%	47,3%	53,8%
Fastur kostnaður				
Tryggingar	17	18	13	14
Rafmagn og heitt vatn	14	20	16	16
Viðhald eigna	87	92	61	73
Rekstrarkostnaður bifreiða	27	25	38	32
Annar rekstrarkostnaður	190	164	78	100
Laun og launatengd gjöld	210	248	179	166
Fastur kostnaður alls	544	566	385	402
Rekstrarniðurstaða af nautaeldi				
EBITDA af nautaeldi	463	473	245	342
Afskriftir	229	216	230	283
Fjármagnsliðir	247	229	152	125
Hagnaður/tap af nautaeldi	-13	28	-138	-66

Rekstrarafgangur í kr./kg fyrir fjármagnsliði og afskriftir er svipaður hjá holdkúabúunum fyrir bæði árin. Árið 2023 voru greiddar viðbótargreiðslur ofan á gripagreiðslur holdakúa auk viðbótargreiðslna vegna nýliðunar- og fjárfestingastuðnings en þessum greiðslum var mjög misskipt milli aðila. Hjá búunum sem eru eingöngu í nautaeldi hækkar rekstrarafgangurinn (EBITDA) um 97 kr./kg milli ára. Rekstrarafgangur þeirra búa er þó um 131 krónu lægri á innlagt kg miðað við holdakúabúin.

Fjármagnskostnaður hjá holdakúabúunum er hærrí en þar hafa búin hlutfallslega meira verið í því að byggja upp aðstöðuna fyrir nautgriparæktina. Afkoma holdakúabúanna reiknast svo að meðaltali betri en hjá búunum í hinum floknum. Munurinn er 125 kr./kg. árið 2023 og 94 kr./kg árið 2024.

Rekstrar- og skuldayfirlit þáttökubúa

Í 6. töflu kemur fram yfirlit yfir rekstur þáttökubúanna og er þá bæði verið að skoða afkomuna af sjálfu nautaeldinu en einnig af heildarrekstri. Hlutdeild nautgripatekna af heildartekjum er að jafnaði um 37-39% hjá búunum. Búin hafa því yfirleitt meiri hluta tekna sinna af annarri starfsemi, sem getur verið margskonar.

Tafla 6: Rekstraryfirlit þáttökubúa. Fjárhæðir í þúsundum króna á föstu verðlagi hvers árs.

Afkoma af nautaeldi	2022	2023	2024
Samtals afurðatekjur	25.710	30.856	33.941
Hlutfall afurðatekna af heildartekjum	36,6%	38,6%	36,9%
Breytilegur kostnaður alls vegna nautaeldis	14.212	14.411	14.748
Fastur kostnaður alls vegna nautaeldis	7.911	9.218	10.424
<i>þar af:</i>			
<i>Launatengd gjöld</i>	3.752	3.880	4.486
EBITDA af nautaeldi	3.587	7.228	8.770
Hlutfall EBITDA af tekjum nautaeldis	14,0%	23,4%	25,8%
Afskriftir vegna nautaeldis	4.086	4.376	5.006
Fjármagnsliðir vegna nautaeldis	3.948	4.012	3.926
Hagnaður/tap af nautaeldi	-4.447	-1.161	-162

Afkoma af heildarrekstri	2022	2023	2024
Tekjur af annarri starfsemi	44.470	49.036	58.096
Samtals heildartekjur	70.180	79.892	92.037
Heildarkostnaður vegna annarrar starfsemi	39.728	45.708	50.773
EBITDA af heildarrekstri	18.784	23.274	29.281
Hlutfall EBITDA alls af heildartekjum	26,8%	29,1%	31,8%
Hagnaður/tap af heildarrekstri	294	2.167	7.160

Eins og fyrr hefur verið nefnt er áberandi hvað búin eru að reikna sér lág laun fyrir sitt vinnuframlag. Þegar 6. tafla er skoðuð sést að jákvæð þróun er í rekstrarafgangi (EBITDA) af nautaeldinu. Á árinu 2022 var EBITDA einungis um 3,6 milljónir króna en var svo komið í um 8,8 milljónir króna árið 2024. Mikilvægt er að það náist að hækka EBITDA enn frekar til að auka fjárfestingagetu búanna og bæta möguleika þeirra til að standa undir núverandi fjármagnsskuldbindingum sínum. Fjármagnskostnaður búanna vegna nautaeldis jókst mikið á árinu 2023 en breyttist síðan óverulega

til ársins 2024. Tap reiknast af nautaeldinu öll árin að meðaltali. Það minnkar þó mikið á tímabilinu og er komið í um 162 þúsund krónur árið 2024. Árið 2022 var fyrsta árið frá árinu 2017 þar sem afkoma af heildarrekstri þessara bóa var að jafnaði jákvæð. Árið 2023 var hagnaður af heildarrekstri búanna kominn í um 2,2 milljónir króna og um 7,2 milljónir króna árið 2024.

Í 7. töflu koma fram heildarskuldir þátttökubúa en breytilegt er eftir búum hve stór hluti skulda er beinlínis vegna nautaeldis. Langtímaskuldir aukast um 8% á tímabilinu en skammtímaskuldir um 38%. Skuldahlutfall fer lækkandi í takt við aukna veltu og er komið niður í 1,44 árið 2024. Skuldir sem hlutfall af heildar EBITDA segir mikið til um rekstrarhæfni búanna og er jafnan viðmiðið að reksturinn sé orðinn erfiður þegar hlutfallið er komið yfir 7. Eins og kemur fram í töflunni er mjög jákvæð þróun á því hlutfalli á tímabilinu.

Tafla 7: Yfirlit yfir heildarskuldir þátttökubúa. Fjárhæðir í þúsundum króna á föstu verðlagi hvers árs.

	2022	2023	2024
Langtímaskuldir í árslok	94.706	97.818	101.855
Skammtímaskuldir í árslok	22.412	25.572	30.940
Skuldir alls	117.117	123.390	132.796
Skuldahlutfall	1,67	1,54	1,44
Skuldir sem hlutfall af heildar EBITDA	6,23	5,30	4,54

Viðauki 1

Tafla 8: Tekjur (kr.) af nautaeldi og framleiðslukostnaður greint niður á sláturgrip. Meðaltöl árána 2022-2024 á föstu verðlagi hvers árs.

Tekjur	2022	2023	2024	Breyting
Afurðatekjur	270.530	331.478	349.574	29%
Gripagreiðslur	39.877	47.056	48.046	20%
Sláturálag	26.335	24.985	43.807	66%
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir	13.314	13.494	12.952	-3%
Önnur landbúnaðartengd framlög	4.153	3.469	4.461	7%
Viðbótargreiðslur frá ríki	38.461	32.449		
Samtals tekjur af nautgriparækt	392.671	452.932	458.841	17%

Breytilegur kostnaður	2022	2023	2024	Breyting
Aðkeypt fóður	43.432	54.497	48.434	12%
Áburður og sáðvörur	68.774	60.067	55.386	-19%
Rekstur búvéla	41.156	43.229	41.236	0%
Rekstrarvörur	23.668	19.943	23.174	-2%
Aðkeypt þjónusta	40.026	33.795	31.136	-22%
Breytilegur kostnaður alls	217.056	211.532	199.366	-8%
Framlegðarstig afurðatekna	44,7%	53,3%	56,6%	26%

Fastur kostnaður	2022	2023	2024	Breyting
Tryggingar	4.241	4.295	4.646	10%
Rafmagn og heitt vatn	4.076	4.105	5.234	28%
Viðhald eigna	16.177	21.587	23.743	47%
Rekstrarkostnaður bifreiða	9.503	8.716	7.654	-19%
Annar rekstrarkostnaður	29.525	41.071	38.998	32%
Laun og launatengd gjöld	57.309	55.533	60.644	6%
Fastur kostnaður alls	120.832	135.307	140.920	17%

Rekstrarniðurstaða af nautaeldi	2022	2023	2024	Breyting
EBITDA af nautaeldi	54.783	106.093	118.555	116%
Afskriftir	62.412	64.235	67.669	8%
Fjármagnsliðir	60.297	58.899	53.081	-12%
Hagnaður/tap af nautaeldi	-67.926	-17.042	-2.195	